

1865. fundizt ástæða til að leggja neitt af þeim lagaboðum fyrir þingið
10. júní. sem frumvarp.

12. júní. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegningu Gísla Jónssonar frá Saurum.**

Í bréfi dags. 22. marzmán. þ. á. hafð þér, herra amtmáður, skýrt frá, að gjörðar hafi verið ýmsar tilraunir, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins frá 1. júlímán. f. á., til að taka Gísla Jónsson á Saurum og flytja hann til Reykjavíkur, til þess að láta hann út taka það sem eptir stóð vatns og brauðs refsingarinnar, sem lögð var á hann með konungsúrskurði 26. júlímán. 1861, og að sendir hafi verið fjórir menn inn í Dali til þess að handsama hann, en að það hafi þó ekki tekizt. Þér hafð þaradæmi spurt um, hvort þér megid eiga von á að fá endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum kostnað þann, sem sendiför þessara fjöggra manna hafði í för með sér, og þér hafð borgað fyrir fram, en það eru 19 rdl., svo framarlega sem hann ekki fæst af eignum Gísla Jónssonar.

Dómsmálastjórnin getur nú ekki dulizt þess, að henni þykir illa fallið, að það skuli enn þá ekki hafa tekizt að handsama Gísla Jónsson, og búumst vèr við, að þér, herra amtmáður, samkvæmt ádurnefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar, munið beita hverju því meðali, sem kostur er á, til þess að láta handtaka hann og flytja til Reykjavíkur tafarlaust; en um fyrirspurn yðar um endurgjald fyrir það, sem þér hafð borgað úr eigin sjóði, eins og fyr er sagt, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að henni er svarað með jáyrði.